

Hverfisráð Hríseyjar

36. fundur

Þriðjudaginn 14. júlí '09 kl. 18.00 var 36. fundur Hverfisráðs í Hrísey haldinn í Hlein. Mætt voru: Linda María Ásgeirsdóttir, Kristinn Fr. Árnason, Hjördís Ýrr Skúladóttir, Guðrún Þorbjarnardóttir og Víðir Björnsson. Fundur áður boðaður 7. júlí en var frestað um viku. Formaður setti fundinn

Dagskrá:

1. Umhverfisdagur 27. júní 2009

Linda sagði að almenn ánægja hefði verið með þennan dag og sagði að vilji væri fyrir því að gera þetta að árlegum viðburði og reyna að virkja heimamenn meira og kynna daginn betur. Einnig þarf að vera töluvert skýrara hvað á að gera og hafa einhverskonar fræðslu líka.

2. Umhirða á gróðri og almenn umgengni

Umræða um slátt og hirðingu á opnum svæðum, skjólbelti bæði í þorpínu og uppá eyju og flokkun heimilissorps.

“Hverfisráð hefur verulegar áhyggju af skjólbeltum sem hafa verið gróðursett á undanförunum árum uppá eyju og lítið sem ekkert verið grisjuð eða hirt um, er það ósk okkar í ráðinu að úr því verið bætt. Einnig þarf að huga að gróðri á opnum svæðum í þorpínu”

Flokkun á heimilssorpi hefur dregist saman og þarf að gera átak í því að kynna flokkunina betur. Ákveðið að hafa vinnudag eftir sumarfrí og í kjölfarið að gefa út bækling um flokkun sem dreift verður á öll heimili.

3. Aðalskipulag

Litlar upplýsingar er að hafa af nýju aðalskipulagi vegna sumarleyfa. Linda og Kristinn munu fara og kynna sér vinnuna við aðalskipulagið eftir sumarfrí.

4. Önnur mál.

Framkvæmdum við varnargarðinn miðar vel og ljóst að garðurinn mun draga verulega úr hættu á slysum á þessum vegakafla og lýsir Hverfisráðið ánægju sinni með það.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:50

Linda María Ásgeirsdóttir
Kristinn Fr. Árnason
Hjördís Ýrr Skúladóttir
Guðrún Þorbjarnardóttir
Víðir Björnsson

Fundargerð rituð af Guðrínu Kristjánsdóttir